

Ráðuneytisstjóri – góðir fundarmenn.

Það ár sem liðið er frá síðasta aðalfundi okkar hefur að mörgu leyti verið íslenskum sjávarútvegi gjöfult. Þó að staða einstakra fiskistofna sé misjöfn þá hefur heildarafli aukist. Við sjáum ótvíræð merki þess að uppbygging þorsstofnsins hefur tekist. Hrygningarstofninn er nú metinn um 360 þúsund tonn og viðmiðunarstofninn um 970 þúsund tonn og hann er nú stærri en undanfarna tvo áratugi. Horfur eru á að stofninn haldi áfram að stækka á næstu árum.

Makrillinn kom í miklum mæli í íslensku lögsöguna eins og undanfarin ár. Þar sem við höfum forræði yfir fiskimiðunum mun hann skila um 30 milljörðum í þjóðarbúið.

Verð á flestum afurðum er hátt og þrátt fyrir mjög hátt olíuverð er afkoman almennt góð. Þrátt fyrir yfirlýsingar ýmissa aðila um slæma skuldastöðu sjávarútvegsins hefur verið staðfest að hún er viðráðanleg þó að einstök fyrirtæki glími við erfiðleika.

Eftir bankahrunið er flestum ljóst að sjávarútvegurinn er og verður ein af meginstöðum íslensks efnahagslífs.

Ágætu fundarmenn.

Það er umhugsunarvert að við þær aðstæður sem ég hef nú lýst skulum við ekki ganga full bjartsýni til aðalfundar.

Vorið 2009 lagði ríkisstjórnin fram óraunhæfar og illa ígrundaðar hugmyndir um svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi, sem fólst í því að gera aflaheimildir útgerðanna upptækar.

Í september 2010 skilaði nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, sem við gáfum nafnið „sáttanefndin“, skýrslu til sjávarútvegsráðherra. Þar var megin niðurstaðan sú að byggja stjórn fiskveiða áfram á aflamarkskerfinu, en að í stað ótímabundinna afnota af aflaheimildum yrðu gerðir tímabundnir afnotasamningar á milli útgerðanna og ríkisins. Þetta hefur verið nefnt samningaleiðin.

Við ákváðum að standa að þessari megin niðurstöðu enda er afar mikilvægt að skapa frið um starfsskilyrði sjávarútvegsins. Forsenda okkar var að ásættanleg niðurstaða næðist í framhaldi af starfi nefndarinnar um grundvallaratriði. Þar má nefna samningstímamann, rétt útgerða til framlengingar samnings, takmörkun pólitískrar úthlutunar veiðiheimilda og veiðigjald.

Við treystum því að unnið yrði á faglegum nótum þar sem áhrif breytinga yrðu vegin og metin í samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar. Jafnframt yrði stjórnarskrárvarinn réttur útvegsmanna virtur.

En annað kom á daginn. Ekkert samráð var haft við fulltrúa atvinnugreinarinnar við samningu tveggja lagafrumvarpa sem lögð voru fram á Alþingi í vor. Þess í stað höfum við

Ítrekað mátt hlýða á forsætisráðherra lýsa heilögu stríði sínu um auðlindirnar fyrir hönd þjóðarinnar.

Hvað þýðir þetta? Verði samningaleiðin farin þá gera útvegsmenn samning við ríkið um tímabundin afnot af aflaheimildum gegn gjaldi. Hver er þá eigandinn? Sá sem veitir afnotin eða sá sem fær þau tímabundið gegn greiðslu gjalds?

Frumvörpin voru unnin í sjávarútvegsráðuneytinu undir handleiðslu sex þingmanna stjórnarflokkanna og á síðustu stigum með beinni aðkomu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, velferðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Ekkert mat var lagt á afleiðingar þeirra á sjávarútveginn eða þjóðarhag.

Ágætu fundarmenn – góðir félagar.

Strax og frumvörpin litu dagsins ljós gerðum við alvarlegar athugasemdir við þau. Við okkur blasti að stefnt væri að því að gera aflaheimildir verðlausar og að lokum upptækar til ríkisins með tilheyrandi afleiðingum á rekstur og efnahag fyrirtækjanna. Einnig væri gengið of nærri rétti okkar sem varinn er af ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þetta birtist á ýmsan hátt í frumvörpunum:

- Allt of stuttur afnotatími - aðeins 15 ár.
- Óvissa um framlengingu samnings.

- Óvissa um það hvort við fengjum yfirleitt afnotasamninga m.a. vegna óljósra skilyrða um fjárhagsstöðu.
- Óvissa um það hvort samningar við ríkið héldu út samningstímann, vegna ákvæða um að á samningstímanum væri unnt að breyta fiskveiðistjórninni í grundvallaratriðum.
- Óvissa um það hvað skuli taka við að samningstíma liðnum, en ráða má að stefnt væri að upptöku á öllum aflaheimildum.
- Bann við framsali á aflahlutdeild, með undanþágu í 15 ár en þá á „ríkisverði“ sem sjávarútvegsráðherra skyldi ákveða.
- Bann við veðsetningu aflaheimilda og breytingu á veðlögum þannig að trygging veðhafa fyrir því að aflahlutdeild verði ekki flutt frá skipi nema með samþykki þeirra félli niður hvað allar nýjar lánveitingar varðar.
- Tvöföldun veiðigjalds.
- Upptaka ríkisins á 45% og síðar 50% af aflaaukningu í þorski, ýsu, ufsa og steinbít og ráðstöfun með pólitískum hætti og með sölu ríkisins á aflaheimildum.
- Upptaka ríkisins á 15% af aflahlutdeild í öllum öðrum tegundum en þorski, ýsu, ufsa og steinbít og sölu ríkisins á aflaheimildum.
- Stóraukin pólitísk miðstýring og afskipti.

Við töldum ljóst að þessi atriði hefðu afar neikvæð áhrif á rekstrarskilyrði greinarinnar og getu hennar til framþróunar.

Þá hefði samþykkt frumvarpanna haft veruleg áhrif á aðgengi greinarinnar að lánsfé og á lánakjör. Við blasti að kröfuhafar krefðust uppgreiðslu lána sem hafa verið veitt vegna kaupa á veiðiheimildum á skemmsta mögulega tíma með tilheyrandi áhrifum á rekstur og möguleika fyrirtækjanna til fjárfestinga.

Í stað þeirrar hagræðingar – sem hefur orðið með fækkun skipa – var stefnt að því að fjölga skipum sem sækja takmarkað aflamagn með tilheyrandi kostnaði og sóun. Þannig yrði afkoma fólks og fyrirtækja í greininni lakari og þjóðhagsleg áhrif neikvæð.

Í stað þess að hvetja til langtímahugsunar þar sem útgerðir hafa trygg afnot af aflahlutdeild og þannig hag af því að draga úr veiðum til að vernda og byggja upp fiskistofna þegar þess er þörf þá yrði allt sett í óvissu með framtíðina.

Að hirða aukningu aflamarks af þeim sem hafa tekið á sig skerðingar til að byggja upp fiskistofna er algjört stílbrot á þeirri hugsun að ábyrg umgengni um fiskistofnana borgi sig. Sú fyrirætlan að stórauka strandveiðar og þar með hlut þeirra sem hafa selt aflaheimildir sínar var sérlega andstyggileg.

Með stórhækkun veiðigjaldsins yrði dreginn máttur úr sjávarútveginum og möguleikum hans til fjárfestingar og framþróunar. Jafnframt stefndi í stórátök við sjómenn ef gjaldið yrði ekki dregið frá óskiptu með lögum. Síðan hafa

komið fram hugmyndir um að veiðigjaldið verði ekki tvöfaldað heldur hækki það um 280% og fari úr 9,5% í 27% af reiknari framlegð útgerðarinnar.

Með uppboði aflaheimilda á hverju ári yrði innleidd skammtímahugsun þar sem kaupendur hefðu enga vissu fyrir því hvort þeir fengju veiðiheimildir eða á hvaða verði.

Með því að fela ráðherra að setja reglur um sölu aflaheimilda var boðið upp á mismunun enda skýr merki í greinargerð um hvað til stóð í því efni.

Vald ráðherra var stóraukið á mörgum sviðum og honum falið að meta veigamikil atriði án þess að skýr viðmið væru sett í lögum með tilheyrandi hættu á mismunun og pólitískri spillingu.

Góðir fundarmenn.

Við fengum sérfræðinga til að meta þjóðhagsleg áhrif frumvarpanna, áhrif þeirra á sjávarútveginn í heild og á fyrirtækin, bæði rekstur og efnahag, en við blasti að verð aflaheimilda félli með samþykkt þeirra. Í því sambandi yrði m.a. horft til laga og reglna um reikningsskil.

Þá voru lögmenn fengnir til að meta hvort einstök ákvæði frumvarpanna eða þau virt í heild gengju of nærri rétti útvegsmanna samkvæmt atvinnu- og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Mörg sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélög lögðu mat á eða létu meta áhrif frumvarpana á sína stöðu.

Niðurstaða sérfræðinga um áhrif frumvarpanna var í stuttu máli sú að allar athugasemdir okkar voru staðfestar. Samþykkt þeirra hefði afar neikvæð áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækjanna.

Að mati endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte yrðu neikvæð áhrif á sjóðsstreymi sjávarútvegsfyrirtækja á 15 ára tímabili um 320 milljarðar og fer úr því að vera jákvæð um 150 milljarða í að verða neikvæð um 170 milljarða. Samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum bæri að afskrifa og gjaldfæra allar keyptar aflaheimildir strax eða rúma 210 milljarða með tilheyrandi áhrifum á eigið fé fyrirtækjanna. Þetta myndi leiða af sér fjöldagjaldþrot í greininni með tilheyrandi áhrifum á lánastofnanir.

Lögmansstofan LEX taldi að með samþykkt frumvarpanna yrði gengið of nærri rétti útgerðanna sem varin eru af stjórnarskránni auk þess sem fjöldi athugasemda var gerður við frumvörpin að öðru leyti. Raunar tel ég að frumvörpin hafi verið það illa ígrunduð að þau hafi ekki verið þingtæk.

Annað frumvarpið varð að lögum á vörpingi 2011 nokkuð breytt. Í því fólst m.a. hækkun veiðigjalds um 40% og frekari ráðstöfun aflaheimilda fram hjá aflahlutdeild með aukningu svokallaðra strandveiða og heimild til sölu ríkisins á aflaheimildum í þremur fisktegundum.

Stjórnarandstöðunni tókst að koma í veg fyrir að hitt frumvarpið yrði að lögum þrátt fyrir eindreginn ásetning forsætisráðherra um annað, m.a. með hótunum um að halda sérstakt sumarþing um málið.

Frumvarpinu var vísað til sjávarútvegsnefndar þingsins sem kallaði eftir umsögnum um það áður en þing kom aftur saman í september.

Fjöldmargir aðilar gáfu umsagnir um frumvarpið sem fékk falleinkunn. Sama kom fram í álitum sérfræðinga sem sjávarútvegsráðherra skipaði til að meta áhrif frumvarpsins og birt var í júnímánuði 2011 eftir að forsætisráðherra ætlaði að keyra málið í gegn.

Þar sem rekstur sjávarútvegsins gengur almennt vel ættum við að vera að fjárfesta af krafti með tilheyrandi margfeldisáhrifum á hagkerfið.

Sú óvissa sem við höfum búið við undanfarin tvö ár hefur hinsvegar valdið því að fjárfestingar í sjávarútvegi hafa verið í algjöru lágmarki.

Þannig hefur mikil fjárfestingarþörf safnast upp sem nauðsynlegt er að bregðast við ella veikist samkeppnishæfni okkar fljótt og við drögumst aftur úr.

Við munum á fundinum fá ítarlegri umfjöllun um margt af því sem ég hef minnst á.

Nú skyldi maður ætla að stjórnvöld hefðu lært sína lexíu, sæu að sér og kölluðu aðila málsins að borðinu. Því miður



er því ekki að heilsa. Rökstuddum athugasemdum hefur af einstaka þingmönnum verið svarað með útúrsnúningum.

Góðir fundarmenn.

Því miður er það ekkert nýtt að umræða um sjávarútveginn hafi verið á þessum nótum.

Álitsgjafar hafa á undanförunum árum keppt við að afskrifa sjávarútvegsfyrirtækin vegna skuldabyrði og sögðu þau ekki á vetur setjandi. Nú sjá þessir sömu aðilar ofsjónum yfir afkomu sömu fyrirtækja – sem hafa í mörgum tilfellum nýtt hagfelldar aðstæður til að greiða niður skuldir – og vilja skattleggja þau í drep.

Þegar betur er að gáð þarf ekki að koma svo mjög á óvart að umræðan sé jafn afvegaleidd og raun ber vitni. Eftir höfðinu dansa limirnir. Þannig hafa þingmenn stjórnarflokkanna og ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hvað eftir annað sett fram fullyrðingar um sjávarútveg sem ekki eiga við nein rök að styðjast.

Fyrir mánuði sagði forsætisráðherra í Kastljósi að uppundir helming veðsetningar vegna sjávarútvegsfyrirtækja í bönkunum mætti rekja til þess sem hún nefndi „óskylda starfsemi.“

Við höfum tvívegis kallað eftir svörum frá forsætisráðherra, óskað eftir útskýringum á þessum ummælum og beðið um gögn sem liggja þar að baki. Það kemur eflaust mörgum á óvart að ekkert svar hefur enn borist.

Við getum svo velt því fyrir okkur hvort rekja megi allt að helming skulda sjávarútvegsins til fjárfestinga í „óskyldri starfsemi“ eins og það hefur verið orðað.

Svarið er auðvitað nei.

Ef við gefum okkur þær forsendur að undir „óskylda starfsemi“ falli allar fjárfestingar aðrar en þær, sem ætlaðar til reglulegrar starfssemi og í aflaheimildum, má með einbeittum vilja toga þetta hlutfall upp í um 11% þegar það reist hæst árið 2007.

Við hvern skyldi forsætisráðherrann hafa talað og hlustað á?

Fyrir tæpri viku heyrði ég viðtal við varaformann Samfylkingarinnar í tilefni af landsfundi flokksins. Hann sagði meðal annars: „Við höfum stundum verið undir háði og spotti fyrir að vera samræðu stjórn mála flokkur en það er nú þrátt fyrir allt besta leiðin til þess að útkljá mismunandi skoðanir, að tala saman og ekki síður að hlusta.“

Ég hef verið hugsí yfir þessum orðum varaformannsins í ljósi þess sem að framan er rakið.

Ef það er stefna Samfylkingarinnar að leiða málefni sjávarútvegsins til lykta þá er það grundvallaratriði að flokkurinn hafi kjark og þor til að setjast niður með okkur.

Góðir fundarmenn.

Ég vil að lokum þakka þeim fjölmörgu aðilum sem hafa stutt okkur dyggilega í þeirri baráttu sem við höfum háð

undanfarin tvö ár. Þá þakka ég útvegsmönnum og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf og starfsfólki LIÚ fyrir vel unnin störf.

Að svo mæltu segi ég 72. aðalfund LIÚ settan.